

2000090044

1000; 9310

Kópavogsbær
b.t. Þórarins Hjaltasonar, bæjarverkfræðings
Fannborg 2
200 Kópavogur

Reykjavík, 9. nóvember 2000

/--

Efni: Tvöföldun Fífuhvammsvegjar og Smárahvammsvegjar og endurbætur á Hagasmára. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Kópavogsbæjar dags. 12. september 2000 þar sem samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er óskað eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna eftirtalinna framkvæmda:

1. Tvöföldunar Fífuhvammsvegjar milli Lindarvegjar og Dalsmára.
2. Tvöföldunar Smárahvammsvegjar frá Fífuhvammsvegi að Hagasmára.
3. Endurbóta á Hagasmára, þ.m.t. gerð hringtorgs á mótum Hagasmára og Hæðasmára.

Skipulagsstofnun leitaði álits Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Kópavogsbæjar og barst álit frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfi mótt. 13. október 2000 og Kópavogsbæ með bréfi dags. 17. október 2000. Skipulagsstofnun óskaði frekari upplýsinga frá Kópavogsbæ um fyrirhugaðar framkvæmdir með bréfum dags. 21. september og 26. október 2000 og bárust frekari upplýsingar með bréfum dags. 27 september, 5. og 31. október 2000.

Umhverfisáhrif

Umhverfisáhrif ofangreindra framkvæmda eru að mati Skipulagsstofnunar fólgin í hávaðamengun og ónæði vegna aukinnar umferðar en ljóst er af framlögðum gögnum að bílaumferð og hávaði frá umferð muni koma til með að aukast verulega á svæðinu í fyrirsjáanlegri framtíð m.a. vegna opunar verslunarmiðstöðvarinnar Smáralindar haustið 2001. Skipulagsstofnun óskaði eftir frekari gögnum frá framkvæmdaraðila um hljóðvist á framkvæmdasvæðinu og fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir. Framkvæmdaraðili taldi að frávik I frá 39. gr. reglugerðar um hávaða nr. 933/1999 ætti við um fyrirhugaða framkvæmd þar sem um væri að ræða verulega breytingu á umferðaræð í byggð sem fyrir er og samkvæmt því væri viðmiðunargildi á svæðinu 65

dB(A).

Í álitni Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis kemur fram að ekki sé talin þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum að því gefnu að sá skilningur sé réttur, að um sé að ræða umferðaræð í byggð sem fyrir er og að mótvægisáðgerðum verði beitt gegn umferðarhávaða ef þörf krefur fyrir íbúðabyggð við Lautarsmára, Lindasmára, Gullsmára og Grófarsmára.

Við yfirferð Skipulagsstofnunar á stöðu skipulags á framkvæmdarsvæðinu kom í ljós að fyrir lá deiliskipulag af annars vegar íbúðarhverfi í Kópavogsdal, sem samþykkt var árið 1989 og breytt árið 1996 og hins vegar af íbúðarhverfi við Gullsmára, sem samþykkt var árið 1993 og breytt árið 1996. Samkvæmt þeim deiliskipulagsuppráttum var gert ráð fyrir að Fífuhvammsvegur yrði 4 akreinar á milli Dalvegar og Dalsmára og að Smárahvammsvegur yrði 4 akreinar á milli Fífuhvammsvegur og Dalsmára. Fyrirhugaðar framkvæmdir við þær umferðaræðar eru því í samræmi við gildandi skipulag af svæðinu. Að mati Skipulagsstofnunar á hljóðvist á ofangreindum íbúðasvæðum því að standast viðmiðunargildi reglugerðar um hávaða nr. 933/1999 fyrir nýskipulagssvæði, þ.e. 55dB(A). Var framkvæmdaraðilia tilkynnt um þetta í bréfi dags. 26. október 2000 og gefinn kostur á að gera athugasemdir við þessa afstöðu stofnunarinnar.

Í bréfi dags. 31. október 2000 svarar framkvæmdaraðili ofangreindum athugasemdum stofnunarinnar á þann hátt, að fallist sé á að nauðsynlegar mótvægisáðgerðir verði framkvæmdar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði miðað við viðmiðunargildi 55dB(A). Ljóst sé að vegna umræddra framkvæmda þurfi að ráðast í eftirtaldir mótvægisáðgerðir:

1. Setja upp hljóðtálma (mön og/eða vegg) við Fífuhvammsveg og Smárahvammsveg gagnvart lóðum við Gullsmára.
2. Setja hljóðtálma sunnan Fífuhvammsvegur neðan við Grófarsmára (mön eða vegg).
3. Lagfæra mön norðan Fífuhvammsvegur milli Dalsmára og Dalvegar (fylla í skörð við Lindasmára 33-41 og e.t.v. hækka mön lítilla annars staðar).

Fram kemur að Kópavogsbær muni á næsta ári framkvæma ofangreindar mótvægisáðgerðir og aðrar þær áðgerðir sem endanlegir útreikningar á umferðarhávaða gefi til kynna að séu nauðsynlegar til að uppfylla kröfu um 55dB(A). Eins og ávallt hafi verið venja þá verði mótvægisáðgerðir hannaðar og framkvæmdar í samráði við íbúa.

Niðurstaða

Um er að ræða breytingar á tengibrautum í þéttbýli sem samkvæmt 6. gr. og lið 13a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Með hliðsjón af þeirri staðreynd að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru þegar komin fram, þ.e. hávaði og ónæði sökum bílaumferðar, og með hliðsjón af álitni Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og afstöðu framkvæmdaraðila til mótvægisáðgerða, telur Skipulagsstofnun að vegna eðlis og staðsetningar skuli ekki fara fram mat á umhverfisáhrifum tvöföldunar Fífuhvammsvegjar milli Lindarvegjar og Dalsmára, tvöföldunar Smárahvammsvegjar frá Fífuhvammsvegi að Hagasmára og endurbóta á Hagasmára, þ.m.t. gerð hringtorgs á mótum Hagasmára og Hæðasmára samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 2. og 3. viðauka sömu laga.

Skipulagsstofnun telur þó að enn ríkari skylda en ella hvíli á framkvæmdaraðila þess efnis að sjá til þess að viðeigandi mótvægisáðgerðum verði beitt til að uppfylla viðmiðunargildi reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða þ.e. 55dB(A). Ástæða þessa er sú að framkvæmdaraðila ber ekki lagaskylda til að kynna ofangreinda framkvæmd fyrir almenningi þar sem hvorki er þörf á deiliskipulagsbreytingu vegna hennar, í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, né mati á umhverfisáhrifum, í samræmi við ákvæði laga nr. 106/2000, sem í báðum tilvikum myndu kalla á ítarlega kynningu framkvæmdarinnar fyrir íbúum framkvæmdasvæðisins og nágrennis þess.

Ofangreind niðurstaða Skipulagsstofnunar byggir á því að ofangreindar mótvægisáðgerðir verði framkvæmdar og að þær miði við að hljóðstig fari ekki upp fyrir 55dB(A).

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 11. desember 2000.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Auður Andrésdóttir

Fylgiskjal:

Álit Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis mótt. 13. október 2000

Samrit:

Umhverfisráðuneytið, Ingimar Sigurðsson

Afrit:

Kópavogsbær

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

